

ALDAMÓTA- OG MELASKÓGUR

Deiliskipulag

12.09.2025



SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt

1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari

breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra

þann _____.

f.h. Rangárbings ytra

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með

athugasemdafresti til _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____.

Upplýsingar

SKJALALYKILL

111999-GRG-001-V02

HÖFUNDUR

MS/MBG

RÝNT

IS

EFNISYFIRLIT

1.1	Skipulagsgögn _____	4
2.1	Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028 _____	4
2.2	Fornminjar _____	5
3.1	Vegir og bílastæði _____	5
3.2	Göngu- og hjólastígar _____	6
3.3	Áningarstaðir _____	7
3.4	Reiðstígar _____	8
3.5	Skilti og merkingar _____	8
3.6	Lýsing _____	9
3.7	Melaskógur _____	9
3.8	Byggingarreitur _____	9
3.9	Veitur og sorp _____	9
4.1	Hönnun og upprættir _____	10
4.2	Mæliblöð _____	10
4.3	Regnvatn _____	10
4.4	Frágangur svæðis og umgengni _____	10
4.5	Hátíðarsvæði Á1- landmótun _____	10
4.6	Brunavarnir _____	11
6.1	Auglýsing tillögu _____	11
6.2	Skipulagsferlið _____	11

1 INNGANGUR

Deiliskipulagið nær til Aldamótaskógar sem er um 125 ha að stærð og Melaskógar sem er svæði norðan Suðurlandsvegur, sem grunnskólinn á Hellu hefur m.a. nýtt til útivistar og plöntunar. Aldamótaskógur er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Rangæinga og Skógræktarfélags Íslands um skógrækt. Svæðin eru staðsett rétt austan við Hellu.

Svæðið er hugsað til almennrar útivistar og snýst deiliskipulagið um að skipuleggja fjölbreyttar útivistarleiðir og áningarstaði með áherslu á útsýni, gróður og náttúrutengsl. En einnig tryggja íbúum og almenningi góðu aðgengi að útivistarsvæði sem er aðgengilegt fyrir ólíka notendahópa allt árið um kring.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028 en þar er svæðið skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði.

Stærð skipulagssvæðis er 125 ha.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ og landamerkjaskrá (mars 2025) frá HMS.

Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:3.500.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Núverandi aðkoma að Melaskóg er um aðkeyrslu skammt austan byggðar á Hellu. Meginaðkoma að Aldamótaskóg er skammt vestan vegamóta Suðurlandsvegur/Rangárvallavegar. Einnig er aðkoma að Aldamótaskóg um malarveg frá vegi að Gaddstaðaflötum.

Gert verður ráð fyrir breyttri aðkomu í deiliskipulagi.

2.1 Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Svæðin eru skilgreind sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL28 í aðalskipulagi.

Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.
- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásýnd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆDSLUSVÆÐI Í AÐALSKIPULAGI RANGÁRÞINGS YTRA.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL28	Aldamótaskógur	Samstarfsverkefni Skógræktarfélags Rangæinga og Skógræktarfélags Íslands um skógrækt. Svæðið er sunnan Suðurlandsvegur. Stefnt er að gerð stíga og útvistarmöguleika í skóginum. Stærð svæðis er um 135 ha.

Deiliskipulagið er í samræmi við skilmála í aðalskipulagi.

2.2 Fornminjar

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

3 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Gæta skal samræmis á milli innviða innan skipulagssvæðis hvað varðar efnis- og litaval, ásýnd og heildaryfirbragð.

Heimilt er að setja upp ýmis konar leiktæki eða hreystitæki/hreystibraut, frísbívöll o.fl. í samræmi við reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirliti með þeim nr. 1025/2022.

Leitast skal eftir því að nýta eins og hægt er náttúrulegan efnivið af svæðinu eða úr grenndinni til uppbyggingar á svæðinu, svo lengi sem efnisval samræmist kröfum og reglugerð, þá t.a.m. náttúruleg leiktæki.

Lagt verður upp með að framkvæmdir valdi sem minnstu raski á landslagi, þá bæði tímabundið og til frambúðar.

3.1 Vegir og bílastæði

Gert verður ráð fyrir breyttri aðkomu að svæðinu.

Að Melaskóg verður núverandi leið lokað við Suðurlandsveg en aðkoma verður austur Dynskála, inn á núverandi malarveg að Melaskóg. Aðkoma að Gaddstöðum og þar með aldamótaskóg verður um nýjan veg, frá nýju hringtorgi við Reykjagarð á Hellu, til austurs samsíða Suðurlandsvegi. Áfram verður gert ráð fyrir aðkomu frá Gaddstaðflötum, sunna núverandi tjaldsvæða.

Þá verður gert ráð fyrir gönguleið undir Suðurlandsveg, undir brú yfir Gaddstaðasíki.

Aðkoma og bílastæði skulu vera vel frágengin og tryggja skal nægilegan fjölda bílastæða til að anna starfseminni. Burðarþol aðkomuvegar þarf að vera 32 tonn til að slökkvibílar og önnur stærri farartæki komist að og frá svæðinu.

Lega vega, göngustíga, reiðleiða og bílastæða getur breyst lítillega við nánari hönnun og krefst slíkt ekki breytingar á deiliskipulagi. En stuðla skal að bættu aðgengi og umferðaröryggi.

3.2 Göngu- og hjólastígar

Gert er ráð fyrir góðum göngutengingum á svæðinu, bæði innan þess og við ytra stígakerfi á Hellu. Stígar verða flokkaðir í aðalstíga og minni stíga, með hliðsjón af aðgengi, erfiðleikastigi og lengd.

Stígakerfið skal taka tillit til mismunandi hóps notenda og skal stuðla að árekstralausri umferð um svæðið. Umferð vélknúinna ökutækja er með öllu óheimil á svæðinu.

Á aðalstígum er gert er ráð fyrir að hjólandi vegfarendur deili stígakerfi með gangandi vegfarendum og því gert ráð fyrir að aðalstígar séu allt að 4 m breiðum stígum. Sérstök áhersla er lögð á að þar sem leiðir eru samnýttar þarf annaðhvort að aðskilja gangandi og hjólandi eða setja upp skýrar merkingar sem stuðla að öryggi allra. Minni stígar verða 1,5 - 2 m breiðir.

Vanda skal hönnun á göngustígum þannig að þeir falli sem best að landslagi og takmarki ekki útsýni yfir svæðið, s.s. hvað varðar útlit og legu. Tryggja skal að gönguleiðir séu greiðfærar með gönguhæfu yfirborði og settar verða brýr eða aðrar lausnir þegar leiðir þvera vatn.

Bæta þarf undirlag núverandi leiða með gönguhæfu efnisvali s.s. kurli, mól eða blönduðu efnisvali. Á aðalstígum má undirlag vera fjölbreyttara, malbik, mól eða harðgerður jarðvegur, en greiðfærni þarf að vera tryggð þannig að bæði hefðbundin reiðhjól og rafhjól eigi greiðan aðgang.

Huga skal að reglulegu viðhaldi göngustíga til að tryggja öryggi og góða upplifun, þar á meðal reglulegt eftirlit og viðgerðir á yfirborði, snyrtingu gróðurs og hreinsun ásamt snjómokstri eða hálkuvörnum á veturnar.

¹(Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðin, 2019).

Gefnar hafa verið út HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR¹ sem gott er að hafa til hliðsjónar við gerð hjóla og göngustíga.

Þar sem landhalli er of mikill fyrir göngustíg er heimilt að setja tröppur. Þegar mikill halli er á göngustíg eða við tröppur er heimilt að setja upp handrið. Hönnun göngustíga skal vera í samræmi við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar HÖNNUN FYRIR ALLA, ALGILD HÖNNUN UTANDYRA² þar sem það á við svo sem flestir geti notið útiveru á svæðinu.

Leitast skal við að ásýnd handriða við göngustíg/tröppur falli vel að umhverfi til að minnka sýnileika mannvirkis en samhliða tryggja sem best öryggi gesta.

Æskilegt er að göngu- og hjólastígar á svæðinu uppfyllir þarfir sem flestra.

- Fjölskyldna sem vilja fara í stuttar göngu- og hjólaferðir á greiðfærum stígum.
- Þeirra sem vilja ganga, hlaupa eða hjóla sér til ánægju á góðum stígum, nýta svæðið til líkamsræktar.
- Þeirra sem vilja fjölbreyttar, krefjandi og torfærari leiðir.

Samt sem áður verður hönnun og afmörkun stígakerfis vera þannig útfært að það sé skýrt hvar gönguleiðir liggja til að draga úr raski á svæðum utan stíga.

Leiðbeinandi staðsetning gönguleiða er sýnd á skipulagsuppdrætti. Taka skal tillit til aðstæðna við uppsetningu stíganna, skildu einhverjar breytingar verða og mun það ekki krefjast breytinga á deiliskipulagi.

² (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2019).

þó skulu aðalgönguleiðir, þar sem gengið er inn á svæðið og framhjá merktum áningastöðum vera eins og á skipulagsupprætti til að halda samræmi og tengingu við aðliggjandi svæði, t.d. við undirgöng á Suðurlandsvegi, aðkomu af Suðurlandsvegi og Gaddstaðafötum.

3.3 Áningarstaðir

Sex áningarstaðir eru skilgreindir og sýndir á deiliskipulagsupprætti.

Við áningarstaði er gert ráð fyrir innviðum eins og bekkjum og borðum sem staðsett eru í skjólgóðu umhverfi. Einnig afþreyingu fyrir börn, s.s. útileiksvæði með náttúrulegum leiktækjum, útigrilli eða grillhúsi.

Innviðir, svo sem bekkir, lýsing, hjólagrindur, sorpílát og skilti sem sett eru upp skulu vera stöðluð og samræmd í útliti til þess að tryggja heildrænt útlit umhverfis. Innviðir skulu falla vel að umhverfi sínu og vera úr varanlegu efni til þess að halda viðhaldi og viðgerðum í lágmarki. Staðsetning innviða skal taka tillit til aðgengis fyrir alla. Þá skal staðsetja á svæðum næst áningastöðum eða svæðum sérstaklega ætluðum fyrir innviði og minnst 0,5 m frá göngustígum. Æskilegt er að svæði fyrir innviði sé skýrt afmarkað, annað hvort með öðru yfirborðsefni eða litamun.

Á1 verður svokallað hátíðarsvæði með innviðum sem henta við ýmis tækifæri í skóginum s.s. útisviði og áhorfendabrekku.

Þar sem reiðstígur liggur framhjá Á3 er möguleik á að hafa áningu fyrir hestamenn s.s. með hestasteini eða litlu gerði.

Gert er ráð fyrir bílastæðum og salernishúsum við Á1 (hátíðarsvæði) og Á3.

Akvegur er að áningarstöðum Á1, Á2, Á3 og Á5.

Einnig verða útbúnir minni áningarstaðir við stíga þar sem hægt er að setjast niður á hvíldarbekkjum. Við val á staðsetningu minni áningarstaða við helstu gönguleiðir í skóginum er æskilegt að bekkir séu staðsettir á minnst 150 m fresti, í samræmi við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar HÖNNUN FYRIR ALLA, ALGILD HÖNNUN UTANDYRA³ svo sem flestir geti notið útiveru á svæðinu.

Við hönnun og útfærslu á göngustíg verður tekið mið af algildri hönnun og leitast við að halli gönguleiða verði undir 5% og mesta fjarlægð milli bekkja ætti ekki að vera meiri en 150 m.



MYND 1. Kennisnið af áningu Á1.

³ (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2019).



MYND 2. Kennisnið af áningu Á1.



MYND 3. Kennisnið af áningu Á3.

3.4 Reiðstígar

Reiðstígar munu liggja um skipulagssvæðið. Lögð er áhersla á góða tengingu frá svæðinu á núverandi reiðleiðir í nágrenninu og að hesthúsasvæði.

Við gerð reiðstíga almennt og við gatnamót skal hönnun vera í samræmi við leiðbeiningar: *Reiðstígar- gerð og uppbygging frá Vegagerðinni og Landsambandi hestamanna*⁴.

Þar sem leiðir eru samnýttar með öðrum vegfarendum þarf annaðhvort að tryggja aðskilnað frá gangandi og hjólandi eða setja upp skýrar merkingar sem stuðla að öryggi allra.

Lega reiðstíga er sýnd á skipulagsupprætti, taka skal tillit til aðstæðna við uppsetningu stíganna, skildu einhverjar breytingar verða og mun það ekki krefjast breytinga á deiliskipulagi.

3.5 Skilti og merkingar

Skýrar merkingar og leiðbeiningar eru lykilatriði til að tryggja öryggi á stígum. Með merkingum er hægt að leiðbeina notendum um hvar heimilt er að ganga, hjóla eða ríða, og þannig lágmarka árekstra milli ólíkra hópa.

Upplýsingaskilti verður staðsett við bílastæðin og aðalstíga. Á upplýsingaskiltinu verður kort af svæðinu með merkingum af helstu áningarstöðum svæðisins, lengd göngustíga, aðgengi, erfiðleikastigi, ásamt reglum o.þ.h.

Á áningarstöðum verða skilti með fróðleik, upplýsingum og reglum.

Gert er ráð fyrir að smærri merkingar verði settar upp meðfram minni stígum.

⁴ (Vegagerðin og Landsamband hestamanna, 2022).

Hönnun, uppsetning og frágangur skilta skal styðjast við staðla Vegrúnar⁵, auk viðmiða úr byggingarreglugerð nr. 112/2012.

3.6 Lýsing

Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er, til að draga úr sjónmengun og varðveita upplifun af næturhimni. Mælst er til að takmarka lýsingu við helstu skilti, áningastaði, undirgöng undir Suðurlandsveg og á svæðum þar sem lýsing bætir öryggi vegfarenda s.s. meðfram akvegi og þar sem mikill halli er á göngustíg eða tröppur.

Æskilegt getur verið að hluti reiðleiða sé upplýstur, a.m.k. á ákveðnum tímum dags, til að lengja þann tíma sem hægt er að ríða út.

Lýsing við innviði skal vera óbein, látlaus og glýjulaus með afskermuðum lömpum. Til að lágmarka orkunotkun og draga úr ljósmengun skal lýsingu stillt í hóf.

3.7 Melaskógur

Melaskógur er skógræktarsvæði grunnskólans á Hellu þar sem nemendur koma og gróðursetja tré og fræðast um náttúruna. Aðkoma að Melaskógi er af Dynskálum, Helluflugvelli og um undirgöng Suðurlandsvegur frá Aldamótaskógi og íbúðabyggð Gaddstaða. Á svæðinu er gert ráð fyrir bekkjum og mögulega yfirbyggðri, opinni kennslustofu, að fengnu leyfi byggingarfulltrúa.

3.8 Byggingarreitur

Byggingarreitur - Gert er ráð fyrir salernishúsum á áningarstöðum Á1 og Á3. Gæta skal samræmis við aðra innviði og umhverfi í Aldamótaskógi við hönnun hússins hvað varðar ásýnd og heildaryfirbragð.

Bálhús - Ekki er skilgreindur byggingarreitur en heimilt er að byggja t.d. bálhús eða aðra yfirbyggða aðstöðu að fengnu leyfi byggingarfulltrúa.

3.9 Veitur og sorp

Salernishús verður tengt dreifikerfi Rarik, hitaveitu frá Veitum, vatnsveitu Rangárbings og Ásahrepps.

Gert er ráð fyrir að salernishús verði tengt rotþró/hreinsivirki á svæðinu. Hreinsivirki skal staðsett þannig að auðvelt sé að komast að því til viðhalds og tæmingar. Gerð og staðsetning hreinsivirkis skal vera í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

Við bílastæðin og á áningarstöðum skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi sé gott. Sorphirða og fjöldi sorphlátá á áningarstöðum fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

⁵ (<https://www.godarleidir.is/>)

4 ALMENNIR SKILMÁLAR

4.1 Hönnun og upprættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem merkjalýsing, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni.

4.2 Mæliblöð

Merkjalýsingar sýna lóðamörk, stærð lóðar, byggingarreit, innkeyrslu inn á lóð og kvaðir ef einhverjar eru. Sé ósamræmi milli afmörkunar lóðar í deiliskipulagi og merkjalýsingar þá gildir merkjalýsing.

4.3 Regnvatn

Veita skal vatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús beint niður í jarðveginn. Koma skal fyrir malarpúða undir yfirborði sem getur tekið við yfirborðsvatni. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum. Óheimilt er að veita ofanvatni í hreinsivirki.

4.4 Frágangur svæðis og umgengni

Almennt skal frágangur útivistasvæðis, þá stíga, áningarstaða, salernis, leiktækja og viðburðasvæðis vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og samþykktu aðal- og lóðarupprætti.

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu.

4.5 Hátíðarsvæði Á1- landmótun

Heimilað er að setja lífrænt efni s.s. mold og garðaúrgang á svæðið til ársins 2028. Heimilt er að afsetja allt að 3500 m³ af náttúrulegum jarðefnum til að koma á móts við fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu.



Mynd 4. Skýringarmynd sem sýnir tillögu að landmótun.

Áætlað er að móta hátíðarsvæðið í samræmi við fyrirhugaðar áætlanir um leiksvæði, svið, bílastæði og salernishús. Í brekku á móti sviði mun verða mótað svæði fyrir áhorfendur.

4.6 Brunavarnir

Svæðið er innan starfssvæðis Brunavarna Rangárvallasýslu og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. En einnig eru leiðbeiningar á <https://www.grotureldar.is/> fyrir íbúa og almenning.

5 UMhverfismatsskýrsla

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Stefna deiliskipulagsins er í samræmi við skilmála fyrir svæðið í aðalskipulagi, en ásamt því að heimila skógrækt eru skilmálar um gerð útivistarstíga og áningarsvæða.

Áhrif af stefnunni eru talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem hún eykur útivistarmöguleika.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

6.1 Auglýsing tillögu

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

6.2 Skipulagsferlið

